

Nd.

49. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson, Halldór Stefánsson, Þorleifur Jónsson.

1. gr.

Í stað orðanna »hinn 1. vetrardagur« í 23. gr. laganna komi: hinn 1. júlí. Ef 1. júlí er sunnudagur, er kosið næsta virkan dag á undan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á ýmsum undanförnum þingum hefir verið farið fram á breytingu á kjördeginum, þannig, að kosið verði um mánaðamótin júní—júli. Um ástæðurnar fyrir þessu má vísa til greinargerðanna fyrir frumvörpum þessum og umræðna þeirra, sem fram hafa farið í sambandi við þau frv.